

Ed.

§7. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 3. gr. 2. másl. laga nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs, komi:

Enn fremur skal haldið á hverju vori búnaðarnámsskeið við skólann, 6–7 vikur.

2. gr.

Í stað 4. gr. laganna komi:

Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar. Taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71, 28. nóvember 1919, um laun embættismanna.